



Lagt fyrir 364. fund velferðarráðs 13. nóvember 2019

VEL2019090007

RÁ/sg

Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Starfsemi velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar

Þann 9. október 2019 lagði fulltrúi Flokk fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um starfsemi velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar:

Velferðarsmiðja. Hvað er nákvæmlega átt við með þessu orði? Margir eldri borgarar átta sig bara alls ekki á því. Á að smíða velferð? Er búið að stofna velferðarsmiðju, eins og sagt hefur verið í bæklingnum (að átti að gera 2018). Er búið að ráða verkefnisstjóra, og annan starfsmann með honum? Ef svo er: Hverju hefur velferðarsmiðjan áorkað?

Velferðartæknismiðja. Er búið að stofna hana í einhverju hverfi Reykjavíkur? Hlutverk hennar á að vera að þarfagreina, gera úttektir, prófa og fylgja eftir stefnu um velferðartækni. Hvernig gengur þetta allt? Hvaða endurbætur hafa orðið? Flokkur fólksins veltir fyrir sér hvort það sé unnið að því að búa til æ nýjar stjórnunareiningar innan velferðarsviðsins en á meðan gleymist það sem mestu máli skiptir sem er samvera og nálægt við eldri borgara. Eldri borgurum, fjölmörgum finnst þeir aldrei spurðir um neitt, hvorki álits né skoðanir á því sem verið er að gera. Hvenær var síðasta spurningarkönnun um þessi mál lögð fyrir eldri borgara? Vilja þeir þetta? Hugnast þeim þessar breytingar? Hvað af þessu eru þeir ánægðir með? Hvað finnst þeim skorta í þjónustuna?

Svar:

Velferðartæknismiðja er íslenskt orð sem notað er til að ná yfir hugtakið Living Lab sem notað er yfir sambærilegar smiðjur á Norðurlöndunum sem sjá um prófanir og innleiðingu á velferðartækni.

Starfsemi velferðartæknismiðju er í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022 sem samþykkt var á fundi Öldungaráðs þann 31. janúar 2018, á fundi velferðarráðs þann 12. febrúar 2018, á fundi borgarstjórnar þann 6. mars 2018.

Samkv. stefnunni skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar nýta velferðartækni til að auðvelda fólki að búa á eigin heimili við betri lífsgæði, þrátt fyrir öldrun, fötlun eða veikindi og gera því jafnframt kleift að vera virkari þátttakendur í samfélaginu.

Á síðari hluta ársins 2018 var velferðartæknismiðjan formlega stofnuð með ráðningu tveggja verkefnastjóra. Starfsstöð velferðartæknismiðju hefur verið í Borgartúni 12, en mun þann 1. desember 2019 flytjast í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1.

Parfaggreiningar eru stór hluti af starfsemi velferðartæknismiðju, m.a. í starfsemi heimaþjónustu og í sértækum húsnæðisúrræðum. Fjöldmörg fyrirtæki bjóða tæknilausnir og er það hlutverk starfsmanna að meta þörfina og prófa tæknina, eftir atvikum.

Farið hefur verið af stað með prófanir á t.d. skolsalernum, raflásakerfum, skjáheimsóknum og upplýsinga- og samskiptakerfi.

Starfsmenn smiðjunnar vinna einnig með öðrum starfseiningum og er samskiptakerfi í þróun sem mun nýtast Barnavernd Reykjavíkur, til að styrkja tengsl við fósturbörn sem voru samtals um 310 á árinu 2018, staðsett víða á landinu.

Skjáheimsóknir eru í grunnin myndsamtl milli notenda og starfsfólks velferðarsviðs, en fyrstu prófanir standa nú yfir í samvinnu við Endurhæfingarteymi. Markmið skjáheimsókna í heimaþjónustu er að auka þjónustuframboð í heimaþjónustu til að bregðast við eftirspurn, bæta gæði þjónustunnar og auka samskipti þar sem þess er þörf.

Í þarfagreiningum hefur verið leitað áhlits eldri borgara sem stunda félagsmiðstöðvar borgarinnar og fá heimaþjónustu. Auglýst var eftir þátttakendum til að taka þátt í rýnihópum og prófunum tækninýjunga í Félagstíðindum Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (1.tbl. 10. árg. 2019). Þessi hópur er tilbúinn að vera velferðartæknismiðju innan handar í áframhaldandi þróun. Að auki taka verkefnastjórar virkan þátt í viðburðum og samstarfshópum með eldri borgurum.

Sérstök spurningakönnun hefur ekki verið lögð fyrir eldri borgara, en fyrirhugað er að útbúa spurningar um viðhorf til velferðartækni sem hluta af rannsókninni „Greining á högum og líðan aldraðra á Íslandi sem unnin er fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytið og Landssamband eldri borgara á fjögurra ára fresti. Næsta rannsókn mun verða gerð á árinu 2020.

Í starfi velferðartæknismiðju er stuðst við tölfræði, samtöl og vinnustofur með íbúum og starfsmönnum velferðarsviðs. Reynsla nágrannalanda og ábendingar íslenskra hagsmunasamtaka s.s. Landssambands eldri borgara sýna einnig að fólki hugnast almennt aukin tækninotkun í velferðarþjónustu.

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri